



*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/2534*

*komudagur 28.5.2004*

Umhverfisnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. maí 2004

SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um veðurþjónustu, 784. mál**

*Tilv: 2004040024*

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 27. apríl sl. varðandi ofangreint mál.

Ekki verður annað séð en frumvarpinu sé ætlað að skýra hlutverk hins opinbera á sviði veðurþjónustu gagnvart aðilum á einkamarkaði, og Veðurstofu Íslands sé ætlað hér eftir sem hingað til að veita öllum landsmönnum sem öruggasta þjónustu í samræmi við kröfur og tækni á hverjum tíma.

Bændasamtök Íslands gera enga athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Þorgeirsson



**FFSÍ**

**FARMANNA- OG  
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/2208*

*komudagur 28.4.2004*

**Reykjavík 28. apríl. 2003**

**Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.**

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um veðurþjónustu, 784. mál.**

Farmanna og fiskimannasambandið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. FFSÍ

  
Arni Bjarnason

Heiðvirða umhverfisnefnd.

Hér fylgir umsögn um Frumvarp til laga um veðurbjónustu.

Virðingarfyllst Björn Erlingsson

Um 1. gr. og 13. gr.

Það er ljóst að um ókomna framtíð munu umhverfisbreytingar hafa samfélagsleg og efnahagsleg áhrif í íslensku samfélagi. Stjórnvöld þurfa að eiga aðgang að einum aðila eða fagráði sem fjalli um, skilgreini 'nauðsynleg' markmið um ávinning af veðurbjónustustarfsemi á Íslandi út frá

- a) hagrænum sem og þjóðhagslegum forsendum
- b) breyttum veðurfars- og samfélagslegum forsendum og
- c) vísindalegum- og tæknilegum forsendum

Hér mætti etv. marka hlutverk fyrir Vísinda- og tækniráð, sem er vel við hæfi. En hér er algerlega opið hvaða skilning menn leggja í orðið 'nauðsynlegar'. Þetta atriðið þarf dýpri umfjöllun en reglugerð, - en 13. gr. gæti gengið frá þessu atriði ef efnistöð reglugerðar væru tilgreind þar sem ofangreint 'umhverfi' laganna er síbreytilegt.

Um 12. gr. og 5. gr.

Mikilvægt er að gagnabirtingar stefna opinna/grunn gangna fylgi greiningu Veðurstofunnar í starfssvið (grunnsvið og þjónustusvið). Auk þess þarf að tilgreina gagnabirtinga- og þjónustuskyldur sem eiga við um gögn sem samræmd hafa verið í grunnkerfum annara opinberra stofnana samkvæmt 5. gr. Lögin þyrftu að taka á þessu með ótvíræðum hætti. Huga mætti að síðustu setningu 12 gr. og láta etv. sérþjónustusvið Veðurstofunnar hafa með hendi starfsemi sem fjölþjóðasamningar fjalla um, en grunþjónustusviðið fjalli um þá skuldbindingar vegna alþjóðasamninga. Þarna er verulegur greinamunur á, en til eru fjölþjóðasamningar um veðurbjónustu sem hafa sérþjónustuleg viðmið og markmið og starfsemin getur ekki orðið hluti af starfsemi þar sem opin gagnabirtingarstefna og alþjóðaskuldbindingar vegna grunþjónustu eiga við.

Um 12. gr. og 10. gr.

Í 12 gr. vantar að skilgreina afhendingarskyldu á öðrum opnum gögnum 'public domain' sem alþjóðasamfélaginu er tryggður aðgangur að samkvæmt alþjóðasáttmálum.

Afhendingarskylda opinna alþjóðlegra grunngagna með sömum viðmiðum og hér kemur fram gagnvart opnum grunngögnum af innlendum toga er til mikils hagræðis fyrir:

- a) þá aðila, einstaklinga, fyrirtækja eða fjölmiðla sem þurfa ýtarlegri upplýsingar
- b) fyrirtæki sem þurfa á sérnum gögnum að halda, svo sem orkuiðnaður
- c) eða fyrirtæki sem sérhæfa sig í veðurbjónustu á innlendum og erlendum vetvangi.

Mikill ávinningur væri fyrir aðra starfsemi á þessu sviði í landinu og ef jafnræði á að gilda þarf að taka á þessum hluta hér til að jafnræðisákvæði 10. gr. virki í raun.

Um 6. gr. og 13. gr.

Ég vil þó vekja athygli á að það vantar beina lýsingu á markmiðum almennra veðurspá eða

hvar er að finna (6 gr. b) 'eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess'. Hér koma til atriði sem varða samfélagslegan ávinning umfram öryggishagsmuni sem takmarkast við eigna- og manntjón. Hér er átt við almenn markmið um tækni-, þjónustu og þekkingarstig fyrir:

a) almenning í daglegu amstri,

b) fyrir atvinnuvegi, landbúnað, útveg og ferðaþjónustu/samgöngur og

c) fyrir fyrirtæki sem starfa við að veita veðurþjónustu, innlendis sem erlendis.

Það þarf að ganga þannig frá því í lögnum að það sé skýrt hvaðan þessi skilgreining er tekin, af ráðherra, af fagráði eða af Vísinda- og tækniráði. Þetta er of mikilvægt atriði til þess að viðunandi sé að þetta sé óljóst. Þetta mætti laga með því að fella skýrskotun til almennings, atvinnuvegi og fyrirtæki (í ofangreindu samhengi) inn í e.-liðinn og gæti Genfaryfirlýsingin leiðbeint um þau atriði sem vert væri að tilgreina sérstaklega og vísa í 13. gr. um nauðsynleg lágmarksefnistöð og inntak reglugerðar ráðherra.

---

Keren ehf, Bakkastadir 43, IS-112 Reykjavik, Iceland  
[www.theyr.net](http://www.theyr.net), Tel. +354-5341957, [bjorne@theyr.net](mailto:bjorne@theyr.net)



Alþingi  
Erindi nr. D 130/2449  
komudagur 17.5.2004

Reykjavík 13. maí 2004

**UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784  
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-**

**Umsögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar  
fyrir hönd Íslenska Útvarpsfélagsins.**

Undirritaður kom á fund nefndarinnar fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins á fyrri stigum málsins. Til viðbótar við það sem þar kom fram eru eftirfarandi atriði nú nefnd sérstaklega.

-Til áréttingar er gerð tillaga um að í 8. grein frumvarpsins verði orðinu "...án endurgjalds..." komið fyrir í 1. mgr. greinarinnar þannig að hún hljóði svo (feitlettrið er umrædd breyting):

8. gr.  
Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal **án endurgjalds** miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmiðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

**Rök.**

Veðurstofan miðlar þessum upplýsingum þegar í dag, bæði á faxformi, í gegnum netið og víðar. Íslenska útvarpsfélagið greiðir að einhverju leiti fyrir þessar upplýsingar í dag. Á fundi nefndarinnar var því haldið fram að félagið væri að greiða fyrir símakostnað í tengslum við faxsendingar. Ég tel nauðsynlegt að taka af allan vafa í þessum efnum, enda ótækt að gögn sem Veðurstofu Íslands er skylt að senda út þurfi móttakandi síðan að greiða fyrir.

-Í 12 gr. frumvarpsins er gerð sú skylda að VÍ afhendi gögn sem hún býr til eða aflar....eggn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....

Orðalagið "...eggn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...." er of opið. Er VÍ í sjálfsveld sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Gerð er tillaga um að breytt orðalag þannig að í stað "...eggn greiðslu þess

kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....” komi “..á kostnaðarverði..” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.  
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu **á kostnaðarverði**, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðsamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

Fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins,

---

Sigurður Þ. Ragnarsson jarð- og veðurfræðingur



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2574  
komudagur 4.6.2004

LHG/057/9.6 /DS/sig  
Reykjavík 25. maí 2004.

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp  
til laga um veðurþjónustu, þingskjal 1195, 784. mál.**

Landhelgisgæslan gerir engar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands

  
Dagmar Sigurðardóttir lögfr.



Nefndasvið Alþingis  
berist umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 21.05.2004

150 REYKJAVÍK

**Efni: Frumvarp til laga um veðurþjónustu**

Með bréfi nefndarinnar frá 27. apríl 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um veðurþjónustu, 784. mál. Svör fyrirtækisins fara hér á eftir:

Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins gætir þess misskilnings að Landsvirkjun sé opinber stofnun. Hið rétta er að Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins og tveggja sveitarfélaga.

Í samræmi við ofangreint leggur Landsvirkjun til að orðalagi síðustu mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að í stað orðanna “opinberra stofnana” komi orðin “stofnana og fyrirtækja”.

Jafnframt telur Landsvirkjun að í 3. grein frumvarpsins vanti skilgreiningu á hugtakinu “veðurstöðvakerfi”.

Að öðru leyti gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri





Reykjavík 13. maí 2004

**UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784  
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-**

**Umsögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar  
fyrir hönd Íslenska Útvarpsfélagsins.**

Undirritaður kom á fund nefndarinnar fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins á fyrri stigum málsins. Til viðbótar við það sem þar kom fram eru eftirfarandi atriði nú nefnd sérstaklega.

-Til áréttingar er gerð tillaga um að í 8. grein frumvarpsins verði orðinu "...án endurgjalds..." komið fyrir í 1. mgr. greinarinnar þannig að hún hljóði svo (feitlettrið er umrædd breyting):

8. gr.

Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal **án endurgjalds** miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmiðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

**Rök.**

Veðurstofan miðlar þessum upplýsingum þegar í dag, bæði á faxformi, í gegnum netið og víðar. Íslenska útvarpsfélagið greiðir að einhverju leiti fyrir þessar upplýsingar í dag. Á fundi nefndarinnar var því haldið fram að félagið væri að greiða fyrir símakostnað í tengslum við faxsendingar. Ég tel nauðsynlegt að taka af allan vafa í þessum efnum, enda ótækt að gögn sem Veðurstofu Íslands er skylt að senda út þurfi móttakandi síðan að greiða fyrir.

-Í 12 gr. frumvarpsins er gerð sú skylda að VÍ afhendi gögn sem hún býr til eða aflar... gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra....

Orðalagið "... gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...." er of opið. Er VÍ í sjálfsvald sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Gerð er tillaga um að breytt orðalag þannig að í stað "... gegn greiðslu þess


kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra.....” komi “..á kostnaðarverði..” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.  
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu á kostnaðarverði, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

Fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins,

  
Sigurður Þ. Ragnarsson jarð- og veðurfræðingur



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi  
Erindi nr. P/130/2260  
komudagur 30.4.2004

Reykjavík 29. apríl 2004  
Tilvísun: 2004040240  
091.1


Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um frumvarp til laga um veðurþjónustu 784. mál.**

Ríkislögreglustjóranum barst 28. apríl sl. til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis Ofrumvarp til laga um veðurþjónustu 784. mál.

Umhverfisnefnd tilkynnist að Ríkislögreglustjórinn gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

  
Helgi Magnús Gunnarsson lögl. fulltr.



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2472  
Komudagur 19.5.2004

Alþingi  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Við Austurvöll  
105 Reykjavík

Kópavogi, 18.05.2004  
Tilv. 023  
HJ

**Efni: Umsögn um frv. til laga um veðurþjónustu.**

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 27. apríl 2004, þar sem stofnuninni er sent til umsagnar frv. til laga um veðurþjónustu, 784. mál.

Siglingastofnun Íslands átti fulltrúa í nefnd sem kom að samningu frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri



Hafnarfirði 14. maí 2004

UMSÖGN UM ÞINGMÁL NR. 784  
-FRUMVARP TIL LAGA UM VEÐURÞJÓNUSTU-

Vísað er til bréfs Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar forráðamanna Veðurs ehf. um nýtt frumvarp til laga um veðurþjónustu.

Undirritaður fyrir hönd Veðurs ehf. lýsir almennri ánægju með frumvarpið enda tekur það með skýrari hætti en tíðkast hefur á hlutverki Veðurstofu Íslands í vaxandi markaðsumhverfi veðurþjónustufyrirtækja.

- Gerð er athugasemd við óljóst orðalag 12. gr. frumvarpsins en þar er gerð sú skylda að Veðurstofa Íslands afhendi gögn sem hún býr til eða aflar...*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...* eins og segir í orðalagi greinarinnar.

Orðalagið “.....*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...*” er að okkar mati of opið. Er VÍ í sjálfsvald sett hvað hún telur vera kostnað við afhendingu gagna? Er t.a.m. óbeinn kostnaður talinn hér með. Gerð er tillaga um breytt orðalag þannig að í stað “...*gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra...*” komi “..**á kostnaðarverði..**” Greinin hljóði því svo (feitletrun er breyting frá núverandi orðalagi):

12. gr.  
Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu **á kostnaðarverði**, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

Fleiri athugasemdir eru ekki gerðar.

f.h. Veðurs ehf.

Sigurður Þ. Ragnarsson framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2521  
komudagur 25.5.2004



Umhverfisnefnd Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2004  
Tilvísun: 2004040050/13.0  
HrH/BH  
Tilv. ykkar: 27.04.03

**Efni: Veðurbjónusta. Frumvarp til laga um veðurbjónustu, 784. mál.**

Með bréfi dags. 27. apríl 2004 er beðið um umsögn vegna ofangreinds frumvarps. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.